

L Ö G**um kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkaupþúni.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bolungarvíkurkaupþún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Hólshrepp og heitir Bolungarvíkurkaupstaður. Umdæmi þetta er í Vestfjarðakjördæmi.

2. gr.

Lögreglustjórinn í Bolungarvík verður bæjarfógeti í Bolungarvíkurkaupstað. Hann hefur á hendi sömu störf og öðrum bæjarfógetum eru falin í umdæmum sínum og með þeim kjörum, sem þeim eru ákveðin.

3. gr.

Dómsmálaráðherra skipar fyrir um, hvernig málum þeim við embætti sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, sem varða hagsmuni í Hólshreppi og ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetans í Bolungarvíkurkaupstað.

4. gr.

Sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu og bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eign eða vörslu Norður-Ísafjarðarsýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara. Ef þessir aðilar ná ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða, hvernig með skuli fara.

5. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum skv. þeim lögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 14 25. janúar 1934.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1974, skal núverandi hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.

Gjört að Bessastöðum, 10. apríl 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Björn Jónsson.